

Reglur um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum

Samþykkt í júlí 2020/ Ábyrgðaraðili: Regluvörður

1. Gildissvið og tilgangur

- 1.1. Reglur þessar eru settar á grundvelli laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, sbr. reglugerð um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja nr. 995/2007 og leiðbeinandi tilmæli fjármálaeftirlitsins. Reglur þessar skulu einnig mynda stefnu félagsins um aðgerðir gegn hagsmunaárekstrum.
- 1.2. Reglurnar fjalla um hvernig Akta sjóðir hf. („Akta“ eða „félagið“) greinir hagsmunaárekstra, fylgist með þeim og kemur í veg fyrir að hagsmunaárekstrar komi upp í starfsemi félagsins.

2. Skilgreiningar

- 1.1. Hugtakið hagsmunaárekstrar er í reglum þessum notað yfir þær aðstæður sem geta komið upp þegar Akta þjónar hagsmunum tveggja eða fleiri aðila og er í aðstöðu til þess að koma einum aðila í betri stöðu á kostnað annars.
- 2.2. Hagsmunaárekstrar geta helst komið upp á milli
 - a) Tveggja viðskiptamanna.
 - b) Mismunandi sjóða eða sjóðsdeilda í rekstri Akta.
 - c) Akta og viðskiptamanna, sjóða eða sjóðsdeilda í rekstri félagsins.
 - d) Starfsmanna Akta og viðskiptamanna, sjóða eða sjóðsdeilda í rekstri félagsins.

3. Greining hagsmunaárekstra innan Akta

- 3.1. Akta hefur skilgreint mögulegar aðstæður og atvik þar sem hagsmunaárekstrar geta komið upp, sbr. lista yfir mögulega hagsmunaárekstra í viðauka I. Listinn skal uppfærður reglulega. Jafnframt skal endurskoða reglulega aðferðir til að stýra hagsmunaárekstrum, m.a. m.t.t. möguleika á hagsmunaárekstrum. Til að lágmarka hættu á að hagsmunaárekstrar endurtaki sig skal Akta halda skrá yfir hagsmunaárekstra sem upp koma.
- 3.2. Þegar metið er hvort hætta sé á hagsmunaárekstrum í starfsemi Akta skal litið til allra aðstæðna í tengslum við viðskiptin svo sem:
 - a) Hvort líklegt sé að Akta, starfsmaður félagsins eða aðili sem beint eða óbeint er tengdur því í gegnum yferráð, njóti fjárhagslegs ágóða eða forðist fjárhagslegt tjón á kostnað viðskiptamanns, sjóða eða sjóðsdeilda í rekstri félagsins;
 - b) hvort Akta, starfsmaður félagsins eða aðili sem beint eða óbeint er tengdur því í gegnum yferráð, hefur hagsmuna að gæta af þeirri þjónustu sem veitt er, eða hver niðurstaða tiltekinna viðskipta verður;
 - c) hvort fyrir hendi sé fjárhagslegur hvati eða annars konar hvati hjá Akta, starfsmanni félagsins eða aðila sem beint eða óbeint er tengdur félaginu í gegnum yferráð, til þess að setja hagsmuni tiltekins viðskiptamanns, sjóðs, sjóðsdeildar eða hóps viðskiptamanna frammar hagsmunum annars viðskiptamanns, sjóðs eða sjóðsdeildar;

- d) hvort fyrir hendi sé fjárhagslegur hvati eða annars konar hvati hjá Akta, starfsmanni félagsins eða aðila sem beint eða óbeint er tengdur því í gegnum yfirráð, til að taka við umbun í tengslum við þjónustu sem veitt er viðskiptamanni í formi peninga, vöru eða þjónustu annarri en venjubundnum umboðslaunum eða þóknunum fyrir þessa þjónustu, frá öðrum aðila en viðskiptamanni.

4. Aðferðir til að takmarka hagsmunaárekstra

- 4.1. Koma skal í veg fyrir óeðlileg afskipti af þeirri þjónustu sem Akta veitir. Í því felst m.a. að koma í veg fyrir að nokkur aðili hafi óviðeigandi áhrif á það hvernig starfsmaður félagsins framkvæmir verðbréfavíðskipti.
- 4.2. Til staðar eru innri reglur og verkferlar er taka á þeim tilvikum þar sem hagsmunaárekstrar kunna að skaða hagsmuni viðskiptamanns. Á þetta m.a. við um eigin víðskipti starfsmanna félagsins; um víðskipti þess fyrir eigin reikning auk reglna um gjafir og umbun.
- 4.3. Draga skal úr hættu á hagsmunaárekstrum með skipulagi Akta og aðgreiningu starfssviða. Starfsemin skal aðgreind, þannig að ekki sé hætta á flæði upplýsinga á milli þeirra við dagleg störf. Skipulag tölvukerfa skal einnig vera með þeim hætti að það tryggi aðgreiningu sviðanna.
- 4.4. Vegna tengsla Akta við eigendur virks eignarhlutar er lögð sérstök áhersla á aðgreiningu og óhæði félagsins frá eigendum þess og gegnsæi í víðskiptum þessara aðila. Þannig er starfsstöð félagsins skýrlega aðgreind frá starfsemi Kvikubanka hf. og gerðir skriflegir samningar um víðskipti milli aðila og víðskipti að öðru leyti rekjanleg.
- 4.5. Um stjórn Akta gilda starfsreglur um framkvæmd starfa stjórnar og framkvæmdastjóra sem hafa þann tilgang að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og draga úr hættu á að þeir sem starfsreglurnar taka til tengist einstökum viðfangsefnum.
- 4.6. Aðrar ráðstafanir, sem nauðsynlegar kunna að vera til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni víðskiptamanna.

Ofangreindar ráðstafanir taka mið af stærð og eðli starfsemi Akta sem og hversu raunveruleg áhættan er á því að hagsmunir víðskiptamanna skarist.

5. Upplýsingagjöf

- 5.1. Ef starfsmaður Akta telur líkur á hagsmunaárekstri eða telur hagsmuni hafa rekist á, sem kann að hafa neikvæð áhrif á hagsmuni víðskiptamanns, sjóða eða sjóðsdeilda í rekstri félagsins, skal hann senda tölvupóst til regluvarðar á netfangið regluvordur@akta.is þar sem hagsmunaárekstri er lýst.
- 5.2. Í þeim tilvikum er til hagsmunaáreksturs kemur, er hefur eða kann að hafa neikvæð áhrif á hagsmuni víðskiptamanns og Akta telur ráðstafanir sínar ekki vera fullnægjandi, skal upplýsa víðskiptamann um eðli og ástæður hagsmunaárekstursins. Tilkynning til víðskiptamanns skal send á varanlegum miðli og skal innihalda nægjanlegar upplýsingar m.t.t. víðskiptamanns svo hann geti tekið afstöðu til víðskiptanna með hliðsjón af hagsmunaárekstrinum. Í einstaka tilvikum áskilur Akta sér rétt til að upplýsa ekki um slíkt.

- 5.3. Akta skráir og geymir á tölvutæku formi upplýsingar um hagsmunaárekstra sem upp koma og kunna að hafa neikvæð áhrif á hagsmuni viðskiptamanns, hvort sem þeir eru tilkynntir til viðskiptamanns eða ekki. Til þess að geta fullnægt þeirri skyldu sinni mun Akta skrá og geyma á tölvutæku formi upplýsingar um viðskiptamann, þjónustu sem óskað var eftir eða veitt var og viðbrögð félagsins.



6. Eftirfylgni

- 6.1. Regluvörður og innri endurskoðandi hafa eftirlit með því að reglum þessum sé framfylgt.
- 6.2. Regluvörður heldur skrá yfir þau tilvik þar sem skapast hefur hagsmunaárekstur sem hefur í för með sér raunverulega hættu á því að hagsmunir eins eða fleiri viðskiptamanna, sjóða eða sjóðsdeilda í rekstri Akta skaðist eða muni skaðast.
- 6.3. Akta endurskoðar reglulega reglur þessar um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum auk þess sem verklagsreglur og verkferlar eru reglulega endurskoðaðir m.t.t. reynslu af hagsmunaárekstrum, sbr. gr. 3.1.

7. Breytingar og gildistaka

- 7.1. Breytingar á reglum þessum verða aðeins gerðar skriflega og taka gildi þegar stjórn Akta hefur samþykkt þær.
- 7.2. Breytingar á viðauka skulu gerðar skriflega og samþykktar af framkvæmdastjóra.

Samþykkt af stjórn Akta sjóða hf. þann 1. júlí 2020


Edda Guðfríð Sværriðóttir


VIÐAUKI I – Listi yfir mögulega hagsmunaárekstra

Dæmi um mögulega hagsmunaárekstra í starfsemi Akta:

1. Akta, starfsmenn félagsins eða tengdir aðilar hljóta ávinning eða komast hjá tapi á kostnað viðskiptamanns, sjóðs eða sjóðsdeildar í rekstri félagsins.
2. Akta, starfsmenn félagsins eða tengdir aðilar hafa aðra hagsmuni af útkomu verðbréfavíðskipta en viðskiptamaður, sjóður eða sjóðsdeild í rekstri félagsins.
3. Akta, starfsmenn félagsins eða tengdir aðilar hafa hagsmuni af því að hygla einum viðskiptamanni, sjóði eða sjóðsdeild í rekstri þess á kostnað annarrar.
4. Akta, starfsmenn félagsins eða tengdir aðilar fá þóknun frá öðrum en viðskiptamanni í tengslum við þjónustu þess.
5. Akta eða tengdir aðilar fá rausnarlegar gjafir eða taka þátt í skemmtun, umfram það sem eðlilegt getur talist, sem gætu haft áhrif á störf þeirra með þeim hætti að andstætt sé hagsmunum viðskiptavina félagsins.
6. Stærsti eigandi Akta sinnir bæði stöðu framkvæmdastjóra og hlutverki sjóðstjóra.
7. Sami aðili sinnir regluvörslu, áhættustýringu og lögfræðistörfum fyrir félagið.
8. Kvika banki hf. er hluthafi í Akta og annast jafnframt verkefni fyrir félagið samkvæmt samningum um útvistun gegn þóknun frá félaginu. Þessari tilhögun er ætlað að leiða til hagræðingar og bættrar þjónustu við viðskiptavinum en getur jafnframt leitt til hagsmunaárekstra vegna eignatengsla annars vegar og viðskiptahagsmuna hins vegar á grundvelli fyrrnefndra samninga um útvistun verkefna.

Viðauki II – Listi yfir skaðlega hagsmunaárekstra

Skrá þessi geymir yfirlit yfir skaðlega hagsmunaárekstra sem skapast hafa á milli sjóða og annarra viðskiptavina.

Ekki hafa komið upp slíkar aðstæður.

Síðast uppfært 30.10.2020